Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

139. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 13. júní 2025
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Ásgeir Sveinsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins - 2202004

Í kjölfar aukinnar eldvirkni á Reykjanesskaga og mikilla jarðhræringa í og umhverfis Grindavík í nóvember 2023, var kallað eftir uppfærðu hættu- og áhættumati vegna eldgosavár fyrir allan Reykjanesskaga. Veðurstofa Íslands, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, vinnur nú að slíku hættu- og áhættumati. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2026 en höfuðborgarsvæðið er í forgangi verkefnisins. Sem liður í vinnunni gaf Veðurstofan út tvær skýrslur, í mars síðastliðnum, varðandi eldgosa- og náttúruvá á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslurnar gefa yfirlit yfir möguleg áhrif og mótvægisaðgerðir vegna náttúruvár á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir

Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og slökkviliðsstjóri -

Jón Viðar Matthíasson kom á fund nefndarinnar, kynnti niðurstöður og stöðu vinnunnar við nýtt hættu- og áhættumat, og svaraði spurningum.

2. Þróun Hvítá til Hvítá svæðisins -Sóknaráætlun 2024 - 2404009

Verkefnið Hvítá - Hvítá er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024. Tilgangur þess er að kanna áhrif af áframhaldandi óbreyttum vexti þéttbýliskjarna innan Hvítár-Hvítár svæðisins á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050. Kannaðir voru áhrifaþættir eins og umferðarmagn, ferðatími, umhverfisáhrif, umferðaröryggi, gæði og ásýnd bæjarrýma, náttúrugæði, atvinnumál, samkeppnishæfni ofl. Skýrsla Nordic Office of Architechture liggur nú fyrir.

Gestir

Jóhanna Helgadóttir, arkitekt hjá Nordic Office of Architecture -

Verkefnastjóri verkefnisins kynnti niðurstöður þess og svaraði spurningum.

3. Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu - 2506005

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins hefur gert samantekt á tjaldsvæðum á höfuðborgarsvæðinu, rætt við rekstraraðila, og greint núverandi stöðu og þarfir til framtíðar.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins -

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins kynnti samantektina og svaraði spurningum.

4. Tillaga að stækkun og endurskoðun friðlýsingar friðlands Gróttu - 2505010

Fyrirliggjandi er bréf frá Náttúruverndarstofnun dags. 21. maí 2025, þar sem lögð er fram tillaga að stækkun og endurskoðun friðlýsingar friðlandsins Gróttu á Seltjarnarnesi. Tillagan er unnin af samstarfshópi sem í eiga sæti fulltrúar Seltjarnarnesbæjar, Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar Íslands og fuglasérfræðingur. Meginmarkmið með friðlýsingunni er meðal annars að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, samanber 2. gr. laga nr. 60/2013, með því að vernda alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði á Seltjarnarnesi, vistgerðir þess og búsvæði fugla. Vernda skal lífríki í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla, sem og hafsbotninn.

Lagt fram til kynningar

5. RVK Heiðmörk - nýtt deiliskipulag - skipulagslýsing - 2505009

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 22. maí 2025 varðandi ofangreint. Um er að ræða skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Leiðarljós með gerð deiliskipulagsins er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt með 12 atkvæðum og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana. Kjartan Magnússon og Orri Björnsson sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Hjördís Ýr Johnson, Björg Fenger, Ásgeir Sveinsson, Elís Guðmundsson, Svana Helen Björnsdóttir og Ingvar Arnarson leggja fram eftirfarandi bókun:
„Undirrituð leggja áherslu á góða samvinnu við gerð nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Tryggja þarf öryggi vatnsins, en jafnframt leita allra leiða til að skerðing á svæðinu verði hófleg og aðgengi almennings að þessu mikilvæga útivistasvæði haldist sem best. Mikilvægt er að tryggja jafnvægi milli verndar og aðgengis í sátt við alla hagaðila."

Kjartan Magnússon og Orri Björnsson leggja fram eftirfarandi bókun:
„Mikilvægt er að við mótun nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk verði lögð rík áhersla á vatnsvernd, sem og öruggan og greiðfæran aðgang almennings að þessu mikilvæga og rótgróna útivistarsvæði. Hugmyndir Veitna um umfangsmiklar takmarkanir á umferð um Heiðmerkursvæðið eru of íþyngjandi. Óheppilegt væri að takmarka slíkan aðgang enda eru mörg falleg svæði innarlega í Heiðmörk, sem langt er að sækja fótgangandi. Æskilegt er að veginum í Heiðmörk verði betur við haldið en verið hefur um langt skeið, og skoðað verði að malbika hann

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

að hluta með umhverfisvænu malbiki. Betri vegur gæti dregið úr hættu á umhverfisslysum.
Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að mengunarhætta á vatnsverndarsvæðinu hafi aukist á undanförnum árum. Þvert á móti bendir margt til þess að sú hætta sé fremur á undanhaldi. Þá hafa engin atvik orðið á undanförnum árum sem truflað hafa vatnsvinnslu eða haft neikvæð áhrif á vatnsgæði á svæðinu.
Meðalhófs virðist ekki vera gætt í fyrirliggjandi tillögum og rétt væri að kanna mildari og markvissari leiðir við yfirstandandi deiliskipulagsvinnu, sem tryggja bæði vatnsvernd og áframhaldandi aðgang íbúa höfuðborgarsvæðisins að Heiðmörk."

6. Svæðisskipulagsnefnd - umsagnir við skipulagsáætlanir í sumarhléum nefndarinnar - 2003003

Bent er á að á 112. fundi nefndarinnar þann 9. desember 2022 var eftirfarandi verklagsregla samþykkt:
Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra." Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

Lagt fram til kynningar

7. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar eru:
Fundargerð 40. fundar fagráðs SSH dags. 14. maí 2025.
Fundargerð 41. fundar fagráðs SSH dags. 11. júní 2025.

Lagt fram til kynningar

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 12. september 2025.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026